

Ágæti viðtakandi

Reykjavík, 9. febrúar 2023  
UST202001-147/I.M.B.  
09.03

### **Efni: Tillaga að friðlýsingu Urriðakotshrauns**

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa, sem er landeigandi, hefur unnið að undirbúningi friðlýsingar Urriðakotshrauns í Garðabæ sem fólkvangs, í samræmi við 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Tillaga að friðlýsingu er nú lögð fram til kynningar til samræmis við 2. mgr. 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Tillaga að friðlýsingarskilmálum fyrir fólkvanginn ásamt korti er hér meðfylgjandi og er einnig að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-kynningu/>

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með 11. maí 2023. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem tillöguna er að finna, með tölvupósti á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé þess óskað í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita Ingibjörg Marta Bjarnadóttir ([ingibjorgb@ust.is](mailto:ingibjorgb@ust.is)) og René Biasone ([rene@ust.is](mailto:rene@ust.is)) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir  
**Sérfræðingur**

René Biasone  
**sérfræðingur**